



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

17. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps haldinn þriðjudaginn 14. janúar 2025 kl. 10.00. Haldinn í Hvítárdal.

Fundinn sátu: Sigfríð Lárusdóttir, formaður, sem setti fund og stjórnaði, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir nefndarmaður, Heimir Sigurðsson nefndarmaður.

1. Bréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi frá 5. nóvember 2024

Bréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi var kynnt.

Nefndin fagnar þessu erindi og styður heilshugar að Hrunamannahreppur taki þátt. Við leggjum til að þingið yrði á skólatíma og að skólastjórnendur og forstöðumenn félagsmiðstöðva sem falla undir skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna fundi til að skipuleggja þingið og samstarf ungmennaráða og félagsmiðstöðva. Gott væri ef stjórnendur sæju sér fært að hittast á vorönn til að skipuleggja samstarf fyrir næsta vetur.

2. Framkvæmdir í tækjasal

Formaður fór yfir framkvæmdir í tækjasal. Einnig var farið yfir nýja opnunartíma og bættu þjónustu við íbúa.

Frábært að nýr tækjasalur sé loksins tilbúinn til notkunnar og vonumst við til að sem flestir nýti sér þessa frábæru aðstöðu.

3. Þarfagreining fyrir sundlaugar frá Sundsamband Íslands (SSÍ) kynnt.

Skýrslan kynnt.

Þegar sveitarfélagið ræðst í nýja sundlaugabyggingu er mikilvægt að kynna sér skýrsluna vel og vera í sambandi við SSÍ við hönnun og framkvæmd verksins.

4. Heilsuvikan

Við leggjum til að heilsuvikan verði annaðhvort vikuna eftir réttir 15. – 21. september, eða í sömu viku og uppskeruhátíðin er, þá vikuna 1. – 7. september. Einnig er óskað eftir tillögu frá Ungmennaráði um dagsetningar.

Stefnan er að reyna að halda fjölbreyttri dagskrá og koma til móts við sem flesta. Virkja einstaklinginn og efla andlega-, líkamlega- og félagslega heilsu.

Óskað er eftir að það verði ókeypis í sundlaug, líkamsrækt og íþróttahús fyrir íbúa sveitafélagsins í þessari viku

Sér fundur í byrjun febrúar um heilsuvikuna.

Fundi slitið kl. 11.30